

**Nd.**

**436. Nefndarátt**

um frv. til laga um sjerstakt læknishjærad í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir eigi getað orðið sammála um þetta frv. Vill meiri hlutinn samþykkja frv., en minni hlutinn vill veita Hólshreppi styrk nokkurn til að launa lækni. Nefndina skilur því eigi á um nauðsynina til að hafa lækni í Bolungarvík, heldur um hversu mikið ríkið skuli leggja fram til að launa honum. Vill meiri

hlutiun taka að fullu afleiðingunum af viðurkenningu þess, að þarna sje þörf á lækni, og launa hann að fullu eins og annarsstaðar, þar sem slík þörf er viðurkend, enda hafa hjeraðsbúar sjálfir sýnt þörfina í verkinu á hinn átakanlegasta hátt, með því að ráða sjer lækni á eigin kostnað.

Alþingi, 20. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari, framsögum. meiri hl.

Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson.